

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fresta samþykkt og gildistöku nýrra reglna nýrra reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla, verði óbreyttar a.m.k. út þetta skólaár. Málið verður rýnt nánar á skóla- og frístundasviði og tekið til meðferðar að nýju í skóla- og frístundaráði að því loknu.

### **Greinargerð:**

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019 samþykktu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna og vísaði til borgarráðs nýjum reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem búa í meira en 1,5 km. göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð. Jafnframt skyldu falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005.

Þessu samfara var samþykkt að gera breytingar á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, með þeim hætti að fram komi að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort eru nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Breytingarnar áttu að taka gildi 22. ágúst 2019. Þó áttu nýjar reglur ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, sem lagt var fram á 163. fundi skóla- og frístundaráðs er þess getið að ekki hafi borist umsagnir tveggja skólaráða en þær hafi nú borist.

Með vísan til þess að það láðist að gefa foreldrafélögum þeirra skóla sem málið varðar kost á að koma á framfæri umsögn var málið lagt fyrir skóla- og frístundaráð að nýju. Foreldrafélögum þeirra skóla sem málið varðar varðar gefinn kostur á því að senda inn umsagnir um málið.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 4. desember 2019.